



7.1.3. gr. byggingarreglugerðar, nr. 112/2012, síðari breytingar reglugerðar nr. 1173/2012, 350/2013, 280/2014, 360/2016, 666/2018 og 722/2018
Lög um mannvirki, nr. 160/2010

Umferðaleiðir

Í grein 7.1.3 í byggingarreglugerð segir:

„Um gönguleiðir og frágang þeirra og um skábrautir, tröppur og stiga gilda ákvæði 6. hluta þessarar reglugerðar.

Lýsing umferðarleiða útisvæða skal henta þeirri umferð sem þar er gert ráð fyrir. Huga skal sérstaklega að merkingum fyrir blinda og sjónskerta og einnig skal lögð sérstök áhersla á að lýsing henti þörfum hreyfihamlaðra.

Á útisvæðum sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skal koma fyrir bekkjum með u.þ.b. 150 m millibili meðfram gönguleiðum.

Mannvirkjastofnun skal gefa út leiðbeiningar um framkvæmd þessarar greinar.“


Leiðbeiningar

1 Í 2. mgr. 6.11.1 gr. segir: „Lýsing umferðarleiða útisvæða skal henta þeirri umferð sem þar er gert ráð fyrir. Huga skal sérstaklega að merkingum fyrir blinda og sjónskerta og einnig skal lögð sérstök áhersla á að lýsing henti þörfum hreyfihamlaðra.“


Sjá nánar leiðbeiningar Mannvirkjastofnunar nr.: 6.2.3 Algild hönnun aðkomu að byggingum, 6.2.4 Gönguleið að byggingum og 6.6.1. Almennar kröfur (skilti o.fl.).

2 Í 3. mgr. 6.11.1 gr. segir: „Á útisvæðum sem hönnuð eru á grundvelli algildrar hönnunar skal koma fyrir bekkjum með u.þ.b. 150 m millibili meðfram gönguleiðum.“

Hafa skal í huga þar sem settir eru upp bekkir að gera ráð fyrir aðstöðu fyrir hjólastóla og að bekkirnir greini sig vel í lit frá umhverfinu. Sjá mynd 1 og 2.



Mynd 1. Dæmi um fyrirkomulag bekkjar




Mynd 2. Mynd af Bekkjum með svæði fyrir hjólastóla



3 Á mynd 3 eru dæmi um góð mál á bekk, sæti í um það bil 0,45 m hæð og dýpt þess 0,45 m. Sætisarmar eru 0,2 m hærri en sætið og eru þannig að gott grip sé um þá. Vinkill milli sætis og baks er um það bil 100°.

Ruslastandur er við hlið bekkjarins þeim megin sem ekki er gert ráð fyrir svæði fyrir hjólastól.



Mynd 3. Bekkur með málsetningum. Öll mál í mm

Tilvísanir

- <http://www.rabygg.is/adgengi>
- <http://ww.ncscolour.co.uk>